



ATVINNU-, FERÐA OG MENNINGARNEFND HRUNAMANNAHREPPS

14. fundur Atvinnu-, ferða og menningarnefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022 - 2026 var haldinn 2.september kl. 13:30 á Sæsabar. Mættir eru Ragnhildur S. Eypórsdóttir og Arna Þöll Sigmundsdóttir.

1. Uppskeruhátíðin

Hér var farið yfir skipulag markaðarins sem haldin verður 6.september næstkomandi.

Mikill áhugi er hjá hinum ýmsu aðilum að vera með borð á Uppskerumarkaðinum og reynum við að leggja áherslu á að hafa eins fjölbreytt úrval og hægt er af hinum ýmsu vörum og handverki. Þó er líkt og fyrri ár lítill áhugi meðal grænmetisbænda að koma með vörur sínar á markaðinn þar sem margir hverjir eru komnir yfir í það fyrirkomulag að hafa starfsstöðvar sínar opnar og bjóða gestum og gangandi að koma þangað og versla beint af bónda. Því hefur okkar áhersla verið að auglýsa það fyrirkomulag vel svo enginn fari á mis við það.

Á föstudaginn ætla nefndarmenn að mæta upp í Félagsheimili klukkan 18:00 þar sem þeir stilla upp öllum borðum, setja dúka á borðin og merkja þau enda hafi reynst vel að hafa borðin merkt og auðveldar mikið á sjálfum deginum þar sem söluaðilar geta gengið beint að sínu borði og byrjað að stilla upp.

Á laugardeginum er síðan lagt upp með að mæta upp í Félagsheimili klukkan 11:30 og opna fyrir söluaðilum til að koma stilla upp básum sínum klukkan 12:00. Markaðurinn sjálfur opnar svo klukkan 13:00.

Tilboð var fengið í hoppukastala frá Loftboltum ehf þar sem við viljum bjóða uppá skemmtun fyrir yngri kynslóðina og verður það borið undir sveitastjóra áður en það verður samþykkt en nefndarmönnum lýst vel á það.

Ekkert fleira gert og fundi slitið 14:30

Ragnhildur Stefánna Eypórsdóttir
Arna Þöll Sigmundsdóttir